



STARFSREGLUR

Allgemeiner Verband der Hundefreunde - Union Canine International (AVDH - UCI) e.V.

1) NAFN OG LÖGHEIMILI

Samtökin bera nafnið Allgemeiner Verband der Hundefreunde - Union Canine International (AVDH - UCI) e.V.

Lögheimili er 34454 Bad Arolsen, Þýskalandi.

2) MARKMIÐ

AVDH - UCI eru alþjóðleg regnhlífarsamtök sem hafa það að markmiði að þjóna sem fulltrúi fyrir samtök og

félög, sem sinna málefnum sem tengjast hundum. Samtökin veita einstökum félögum og samtökum

munlega, skriflega og myndræna ráðgjöfum hvernig staðið skuli að ræktun, uppeldi, fóðrun og umönnun

sem og almennum hundaíþróttum.

Samtökin gefa út samhæfðar æðri reglur um mat á ræktunarhæfni og sjá til þess að

lágmarksreglum um hundarækt sé fylgt.

Samtökin veita aðildarfélögum og samtökum sameiginlegt bókhald yfir hundarækt.

Samtökin vernda alþjóðlegar sýningar sem og sýningar einstakra þjóða.

Samtökin þjálfa og útnefna hæfa ræktunareftirlitsmenn. Samtökin þjálfa dómara sem dæma um ræktun,

fegurð og frammistöðu sem og þjálfara fyrir leiðsögu- og keppnishunda.

Samtökin þjóna sameiginlegum hagsmunum allra tilheyrandi samtaka og félaga sem sinna hreinræktun hunda

og hundavinafélögum gagnvart yfirvöldum, almenningi og öllum félögum og samtökum sem sinna hundaíþróttum.

3) ÞÁTTTAKA; INNGANGA

Sérhver landssamtök eða félög sem sinna velferð hunda geta gerst aðilar að hinum alþjóðlegu samtökum.

Aðild kemur til með inngöngu í samtökin.

Yfirlýsing um inngöngu skal berast höfuðskrifstofu samtakanna skriflega. Framkvæmdanefnd ákvarðar um inngöngu. Samtökin eru ekki skyld til að samþykkja aðild. Synjun inngöngu skal vera byggð á gildum ástæðum.

4) AÐILD; AÐILDARLOK

Aðild lýkur með yfirlýsingu um úrsögn úr samtökunum eða brottrekstri. Aðildarfélög eða samtök eiga rétt á að yfirgefa alþjóðlegu samtökin.

Úrsögn tekur aðeins gildi með þriggja mánaða uppsagnafresti miðað við áramót.

Samtökunum skal berast úrsagnaryfirlýsing með ábyrgðarbréfi.

Ennfremur lýkur aðild með brottrekstri sem er aðeins veittur vegna gildra ástæðna.

Hlutaðeigandi félag/samtök skal berast bréf þar að lútandi með ábyrgðarpósti þar sem greint er frá ástæðum brottrekstrar.

Brottvísun stendur óhöggð og er endanleg. Misfarist bréfsending er hún á ábyrgð viðkomandi aðildarfélags/-samtaka.

5) GJÖLD

Aðildargjöld eru ákvörðuð á aðalfundi. Gjaldið skal greiðast fyrir 31. mars ár hvert.

6) STOFNANIR OG NEFNDIR

Stofnanir samtakanna eru:

1 framkvæmdaráð

b) aðalfundur

Með samþykki aðalfundar má setja á stofn frekari stofnanir eða nefndir til að sinna tilteknum verkefnum.

Aðalfundur kann ennfremur að sett ákveðnar reglur um innri störf (s.s. starfsreglur sem og leiðbeiningar).

7) FRAMKVÆMDARÁÐ

Framkvæmdaráð er skipað fyrsta, öðrum og þriðja formanni. Ráðið er fulltrúi samtakanna í málum varðandi dóma og önnur mál.

Sérhverjum ráðsmanni er veitt umboð til að starfa sem fulltrúi samtakanna.

Útvíkkað framkvæmdaráð samanstendur af framkvæmdaráði, forstöðumanni meistarakeppninnar, gjaldkera, ritara, eftirlitsmanni ræktunarskrár og almannatengslafulltrúa.

Framkvæmdaráð er skipað til fjögurra ára samkvæmt ákvörðun aðalfundar.

Skipunin heldur gildi reglum samkvæmt uns næsta ráð er skipað.

Ráðsmaður er laus við skyldustörf gangi hann úr samtökunum.

8) AÐALFUNDUR

Aðalfundur sem er haldinn innan fyrstu sex mánaða ár hvert ákveður um skipan framkvæmdaráðs sem leggur fyrir aðalfund ársskýrslu og -reikning.

Auk þess eru ákvarðanir teknar um sérstakar tillögur fulltrúa svo fremi þær berist framkvæmdaráði áður en tillögurfrestur rennur út.

- 1 Allir sem eiga sæti í framkvæmdaráði, formenn einstakra félaga eða öllu heldur fulltrúar þeirra sem og ræktunareftirlitsmenn og dómara eiga þátttöku- og atkvæðisrétt.
- 2 Hafi félag fleiri en einn ræktunareftirlitsmann og dómara skal einungis einn ræktunareftirlitsmaður og dómari gegna hlutverki fulltrúa og hefir hvor sinn atkvæðisrétt.
- 3 Þátttakendur aðalfundar skulu kjósa framkvæmdaráð fjórða hvert ár.
- 4 Efnt skal til auka-aðalfundar ef 1/3 þátttakenda leggur fyrir framkvæmdaráð viðeigandi tillögu eða öllu heldur ef framkvæmdaráð tekur ákvörðun með einföldum meirihluta.
- 5 Efnt skal til aðalfundar innan þriggja mánaða þegar fyrsti og/eða annar og/eða þriðji formaður lætur af störfum á kjörtímabili sínu.

9) BOÐUN AÐALFUNDAR

Framkvæmdaráð skal boða til aðalfundar skriflega með fjögurra vikna fyrirvara.

Fundarboð skal tilgreina þau mál sem fjalla skal um (dagskrá).

Fyrsti formaður samtakanna skal stjórna aðalfundi, en í fjarvist hans skal annar eða þriðji formaður taka að sér fundarstjórn.

10) ÁKVÖRÐUNARBÆRNI AÐALFUNDAR

Sérhver réttboðaður aðalfundur er ákvörðunarbær.

11) GILDISTAKA SAMÞYKKTA

1. Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu.
2. Ef einn eða fleiri viðstaddra leggur fram tillögu skulu atkvæði vera skrifleg og greidd með leynd.
3. Tillaga sem felur í sér breytingu gildandi reglna krefst meirihluta $\frac{3}{4}$ nýtttra atkvæða.

4. Breyting á meginmarkmiði samtakanna (sjá 2 að ofan) þarf samþykki allra fundarmanna.

5. Samþykkt um að leggja samtökin niður þarf meirihluta 4/5 fundarmanna.

12) SKRÁNING FUNDARSAMÞYKKTIR

Fyrsti formaður aðalfundar skal skrá samþykktir fundarins. Hafi fleiri en einn formaður stjórn að fundi skal sá sem stjórnaði við lok fundar undirrita allt skjalið.

Allir meðlimir samtakanna eiga rétt á að lesa skjalið.

13) SAMTAKASLIT

Endi má binda á samtökin með samþykkt aðalfundar (sjá 11, 5. lið að ofan).

Framkvæmdaráð annast upplausn fjármuna.

Eignir samtakanna renna til dýraverndunarsamtakanna Tierschutzverein Homberg - Borken e.V.